

EYD-212

Heiti: Nýting grunnvatns/kalt vatn	Númer: 13	Flokkun: B	Dagsetning: 23.11.2007
---	------------------	-------------------	-------------------------------

Lýsing á umhverfisþætti:

Grunnvatn er nýtt við rekstur mannvirkja fyrirtækisins bæði sem neysluvatn og til kælingar á búnaði. Neysluvatn er nýtt á framkvæmdasvæðum þar sem unnið er að byggingu virkjana og síðan eftir að virkjanir eru komnar í rekstur fyrir starfsmenn viðkomandi afisstöðva og til kælingar á búnaði. Við undirbúning og hönnun mannvirkja þarf að kortleggja hvar vatnstaka mun fara fram (möguleg vatnsból) og skilgreina þörf vatnstöku á viðkomandi svæði fyrir framtíðar rekstur.

Umhverfisáhrif:

Ef vatnstaka er of mikil er hættu á að auðlind skerðist. Ef magn grunnvatns er takmarkandi getur það haft áhrif á vistgæði og þurrlendi/gróðurlendi sem því tengist.

Umhverfisáhætta:

Gengið óhóflega á auðlindina og/eða vatnsgæðum sé spillt. Sjá einnig þýðingarmikinn umhverfisþátt um eiturefni og hættuleg efni.

Fyrirbyggjandi stýring:

Við undirbúning og hönnun mannvirkja þarf að kortleggja hvar grunnvatnstaka mun fara fram (möguleg vatnsból) og skilgreina þörf vatnstöku á viðkomandi svæði fyrir framtíðar rekstur. Dæluþrófun er æskileg til að tryggja að vatnstaka fari ekki fram yfir sjálfbæra framleiðslugetu vatnstökusvæðis.

Vöktun:

Samkvæmt kröfum viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Ástæða flokkunar:

Þjóðarmarkmið er um að endurnýjanlegar orkulindir landsins verði nýttar með hagkvæmni og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.